



Áttundi stjórnarfundur landsstjórnar DKG haldinn að Hallgerðargötu 9a í Reykjavík mánudaginn 12. ágúst 2024 klukkan 16.30

Mættar voru:

Árný Elíasdóttir landsforseti, Málfríður Þórarinsdóttir 1. varaforseti, Vilborg Ása Bjarnadóttir 2. varaforseti, Rósa Marta Guðnadóttir meðstjórnandi, Ásta Egilsdóttir ritari og Björg Eiríksdóttir gjaldkeri. Guðrún Edda Bentsdóttir fyrrverandi landsforseti boðaði forföll.

Dagskrá fundar:

Undirbúningur framkvæmdaráðsfundar 7. september 2024

1. Málfríður fór yfir þá fundaraðstöðu sem stendur til boða í HR og tilboðin í kaffiveitingar og hádegismat sem hægt er að fá á staðnum. Einnig rætt um að ljúka deginum með léttum veitinum í boði DKG. Málfríður mun vinna áfram að málum og ná niðurstöðu fljótlega.
2. Rætt um dagskráliði framkvæmdarráðsfundar:
 - a. Árný mun ræða stefnumálin þrjú í framkvæmdaráætlun stjórnar, þ.e. könnun meðal félaga, að samtökin verði sýnilegri í íslensku samfélagi og að samtökin láti sig menntamál enn meiru varða. Könnunin hefur þegar verið framkvæmd og mun Árný ræða niðurstöður hennar sem og vörðstefnuna og spá í ástæður þess að hún var felld niður vegna dræmrar þátttöku. Leggja þarf áherslu á fjölgun í deildum og ná þar til yngri kvenna. Einnig geta þess að nýir formenn geti nú sótt um styrk að upphæð kr.100.000 til DKG til að halda ráðstefnur eða fundi í heimabyggð.
 - b. Orð til umhugsunar. Árný ræðir við Ólöfu Helgu Þór í Etadeild um að flytja orðin sem hún hafði undirbúið fyrir fund framkvæmdarráðs árið áður en forfallaðist á síðustu stundu. Til vara ræðir hún við Guðbjörgu Einarsdóttur í Nýdeild.
 - c. Árný, Eygló og Björg fara yfir handbók fyrir formenn. Rætt um vefinn dkg.is og skyldur formanna að sjá til þess að síður deilda uppfærast reglulega, veiti t.a.m. réttar upplýsingar um skipan í embætti hverju sinni og að félagatal innihaldi þær upplýsingar sem ætlast er til.
 - i. Björg mun setja hvatningu til deilda inn á Facebook síðu DKG um að uppfæra upplýsingar inni á síðum deilda á vef DKG til að auðvelda samskipti við félaga.
 - ii. Hvetja formenn til að sækja rafrænt leiðtoganámskeið á vegum DKG sem haldið verður 25.-26. október 2024 og er auglýst á Facebook síðu DKG.
 - d. Björg kynnir fjárhagsáætlun.
 - e. Eygló kynnir vefina dkg.is og dkg.org
 - f. Hildur Hauksdóttir í Betadeild kynnir fyrir hönd námsstyrkjanefndar, námstyrki sem í boði eru á vegum DKG og þá sem þegar hafa fengið styrki og verkefni þeirra.
 - g. Jóna Benediktsdóttir í Alfadeild, formaður afmælisnefndar, kynnir tillögur afmælisnefndar og „grófa“ fjárhagsáætlun þeim fylgjandi. Einnig hugmynd um að

útbúa bækling um samtökin. Endanleg ákvörðun verður í höndum framkvæmdaráðsfundar.

Árný lagði til að nýjum alþjóðaforseta Dr. Beverly-Hill Maughan yrði boðið á landssambandsþing á afmælisári og mun hún ganga í málið.

- h. Tillaga frá Mýdeild rædd og ákveðið að skoða hana á framkvæmdaráðsfundinum í ljósi laga DKG og leita svara við eftirfarandi spurningum Mýdeildar: "Spurningin er því sú til okkar DKG kvenna í fræðslustörfum með þessi markmið okkar í huga, getum við með einhverju móti styrkt kennslukonur á Gaza í sínum fræðslustörfum? Er mögulegt að leita leiða til að styrkja þessar konur? Er vilji til þess?"
- i. Menntasjóður mæðrastyrksnefndar. Árný ræðir við Guðríði Sigurðardóttur formann nefndarinnar um að kynna starfsemi sjóðsins. Sú hugmynd var rædd að DKG styrkti starfsemina á einhvern hátt í tilefni afmælisársins.

Fréttir af DKG þingi í National Harbour og Evrópuráðstefnu 2025

Árný sagði frá þátttöku sinni á þinginu í National Harbour þar sem hún fundaði m.a. með öðrum forsetum innan Evrópusamtakanna. Á þeim fundi var rætt um líðan kennara í starfi og kynnti Árný þar nýlegar niðurstöður KÍ um málið. Á næsta ári verður Evrópuráðstefna í Brighton á Englandi þar sem líðan kennara verður að öllum líkindum til umræðu. Vilborg Ása er fulltrúi Íslands í European Forum og mun hún upplýsa okkur um framvindu mála að loknum fundi ráðsins í september. Hvatti Árný konur til að mæta á ráðstefnuna.

Önnur mál

Engin mál komu hér fram.

Fundi slitið kl. 18.30

Ásta Egils

Ritari DKG (2024-2025)